

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 1. áfanga.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 5. febrúar 2008 breytingu á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 1. áfanga. Breytingin felur í sér að bætt er við innkeyrslum á lóðir nr. 2-12 við Silfurhelli og lóðir nr. 6-12 við Tinhelli. Einnig er afmörkuð lóð fyrir spennistöð við lóðina Silfurhelli 6. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Valla, 7. áfanga.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 15. janúar 2008 breytingu á deiliskipulagi Valla, 7. áfanga. Svæðið er nýbyggingarsvæði sem er um 30 ha að stærð og liggur sunnan og vestan í Ásfjalli. Vesturmörk svæðisins liggja upp að íbúðasvæði Valla 4 og 6 en er skilið frá þeim svæðum af hraunjaðri. Að norðan afmarkast skipulagssvæðið af Grísanesi, að austan af hlíðum Ásfjalls og í suðri af Ásvallabraut. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 25. febrúar 2008,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2008